

5. mál Tillaga allra flokka um stuðning borgarstjórnar vegna náttúruhamfara á Haítí

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur hvatt þjóðir heims til að leggjast á eitt við að aðstoða íbúa Haítí. Hann hefur sagt að ekkert nema sameinað átak þjóða heims geti hjálpað Haítí-búum að yfirstíga erfiðleikana sem við blasi. Þetta kemur heim og saman við fréttáflutning af svæðinu og Íslendingar sem vinna við hjálparstarf á eyjunni tjá sig um það, að enginn verði samur eftir að hafa séð með eigin augum þá gríðarlegu eyðileggingu og þann mannlega harmleik sem við blasi. Hveragerðisbær hefur nú tekið af skarið og lagt sem nemur 100 kr. á hvern íbúa í bænum til hjálparstarfsins og við í Reykjavík eigum að grípa þennan bolta og gera slíkt hið sama. Íbúafjöldi Reykjavíkur 1. desember 2009 eru 118.427. Þannig værum við fyrir hönd Reykvíkinga að láta krónur 11.842.700 renna til hjálparstarfsins. Fari önnur sveitarfélög að fordæmi Hveragerðisbæjar og Reykjavíkur verði þessi tillaga samþykkt munu safnast 31.759.300 kr. þar sem að íbúafjöldi landsins 1. desember var 317.593.

Forseti, borgarstjórn og borgarfulltrúar. Ég legg til að þessi tillaga verði afgreidd sem tillaga allrar borgarstjórnar, með henni erum við fyrir hönd borgarbúa að leggja okkar af mörkum til fólks í sárri neyð og um leið að hvetja aðrar sveitarstjórnir til að gera slíkt hið sama og fylgja þannig góðu fordæmi Hvergerðinga. Síðast þegar að borgarstjórn lét til sín taka á þessu sviði var þegar samþykkt var einróma tillaga um að veita 10 milljónum til hjálparstarfs vegna flóðanna í Suðaustur Asíu. Á þeim tíma tók þjóðin höndum saman í átaki sem sameinaði allar hjálparstofnanir, sjónvarpsstöðvar og útvarpsstöðvar og fjölda annarra aðila sem að náði hámarki í sameiginlegum sjónvarpsþætti sjónvarpsstöðvanna. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja til þess að þetta verði gert núna og höfða þá sérstaklega til hjálparsamtaka, sjónvarps- og útvarpsstöðva, því tilefnið er ekki síðra nú en þá. Og tillagan er þá þessi ágætu borgarfulltrúar í nafni okkar allra:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að veita sem samsvarar 100 kr. á hvern íbúa í Reykjavík til hjálparstarfs vegna náttúruhamfara og yfirstandandi hörmunga á Haítí. Verði Rauða krossi Íslands falin ráðstöfun fjárins, fjármagnið komi af liðnum ófyrirséð í fjárhagsáætlun.

Bstj. 19. janúar 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Og fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Og þá göngum við til atkvæða um þessa tillögu. Það liggur hér fyrir tillaga allra flokka um stuðning Reykjavíkurborgar vegna náttúruhamfaranna og yfirstandandi hörmunga á Haítí. Það þarf ekki að lesa þessa tillögu núna frekar. Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson gerði það ágætlega hér fyrir hönd allra borgarfulltrúa. Þeir sem að samþykkja þessa tillögu gefi merki. Hún er samþykkt með 15 greiddum atkvæðum.